

12
5. apríl

AUGLÝSING

um

breyting á prófreglugjörð fyrir gagnfræðadeild Hins almenna
mentaskóla í Reykjavík frá 18. apríl 1907.

Í stað 4.—8. greinar komi:

4. gr.

Þessar einkunnir skal gefa:

ág., ág. ÷, dáv. +, dáv., dáv. ÷, vel +, vel, vel ÷, lakt. +, lakt., lakt. ÷, illa +, illa, illa ÷, afarilla +, afarilla.

Tölugildi þessara einkunna er sem hjer segir:

ág. = 6, ág. ÷ = $5\frac{2}{3}$, dáv. + = $5\frac{1}{3}$, dáv. = 5, dáv. ÷ = $4\frac{2}{3}$, vel + = $4\frac{1}{3}$, vel = 4, vel ÷ = $3\frac{2}{3}$, lakt. + = $3\frac{1}{3}$, lakt. = 3, lakt. ÷ = $2\frac{2}{3}$, illa + = $2\frac{1}{3}$, illa = 2, illa ÷ = $1\frac{2}{3}$, afarilla + = $1\frac{1}{3}$, afarilla = 1.

Við útreikning meðaltals árseinkunna og prófseinkunna hafa einkunnir þessar stigagildi, sem hjer segir:

ág. = 8, ág. ÷ = $7\frac{2}{3}$, dáv. + = $7\frac{1}{3}$, dáv. = 7, dáv. ÷ = $6\frac{2}{3}$, vel + = $5\frac{2}{3}$, vel = 5, vel ÷ = $3\frac{2}{3}$, lakt. + = $2\frac{1}{3}$, lakt. = 1, lakt. ÷ = $\div 1\frac{2}{3}$, illa + = $\div 4\frac{1}{3}$, illa = $\div 7$, illa ÷ = $\div 12\frac{1}{3}$, afarilla + = $\div 17\frac{2}{3}$, afarilla = $\div 23$.

Aðaleinkunnir skulu gefnar við árspróf og samsvara þær fullnaðar-einkunnum, sem hjer segir:

| | | | |
|--------------------|-----------|---------------------|------------|
| Ágætiseinkunn | samsvarar | fullnaðareinkuninni | 7,50—8; |
| Fyrsta aðaleinkunn | — | — | 6—7,49; |
| Önnur aðaleinkunn | — | — | 4,50—5,99; |
| Þriðja aðaleinkunn | — | — | 4,25—4,49. |

5. gr.

Aðeins eina einkunn skal gefa fyrir alla hina munnlegu frammistöðu í heild sinni í hverri námsgrein, og það eins þótt lagt sje fyrir nemandann fleiri en eitt verkefni til úrlausnar, eða þótt námsgrein skiftist í fleiri deildir. Fyrir skriflegar úrlausnir skal þó gefa sjerstakar einkunnir, nema í ensku og stærðfræði; skal aðeins gefa eina einkunn fyrir munnlega og skriflega frammistöðu í hvorri þessara greina.

6. gr.

Einkunnir eru þrens konar: *Vetrar-, árs- og prófseinkunnir.*

Vetrar- og árseinkunnir gefa kennararnir. Þær skulu gefnar í öllum greinum nema kristnum fræðum, söng, leikfimi og hannyrðum.

Vetrareinkunnir skal gefa tvisvar á vetri, í desember og mars, og lýsa þær til bráðabirgða álitu hvers kennara á kunnáttu nemenda í þeirri grein, er hann kennir. Við lok kenslutímans skal svo hver kennaranna gefa nemendum einkunnir með hliðsjón af vetrareinkunnum þeim, er hann hefir áður gefið. Heita þær einkunnir *árseinkunnir* og eru fullnaðardómur kennarans um kunnáttu nemendanna eftir kenslutímann.

Fyrir frágang á skriflegum úrlausnum gefa kennararnir tvær vetrareinkunnir og árseinkunn. Einkunn þá, er síðan verður árseinkunn nemandans í frágangi á skriflegum úrlausnum, reiknar skólameistari út með því að leggja saman árseinkunnir kennaranna og deila svo með einkunnatölunni. Komi við útreikninginn fram annað brot en þriðjungur, skal hækka brotið svo að á þriðjungi standi, ef brotið liggur nær þeim þriðjungi en næsta þriðjungi fyrir neðan, ella skal lækka það.

Í íslenskum, dönskum og enskum stíl og skriflegri stærðfræði skal hafa próf undir umsjón skólans, áður en gefnar eru árseinkunnir. Fyrir próf þetta gefa kennararnir einkunnir og ákveða eftir þeim og skriflegum úrlausnum um veturinn árseinkunnir í þeim greinum.

Prófseinkunnir eru dómur prófdómenda um frammistöður nemenda við próf, og skal gefa þær í öllum greinum, sem hafðar eru til prófs, og auk þess fyrir frágang á skriflegum úrlausnum við prófið.

Um skriflega og munnlega frammistöðu í hverri grein dæma tveir prófdómendur, kennarinn og skólafróður maður, skipaður af kenslumálaráðherra.

7. gr.

Fullnaðareinkunn er meðaltal af árs- og prófseinkunnum nemenda.

Þegar finna skal fullnaðareinkunn nemanda, skal telja allar einkunnir hans með stigagildi þeirra, eins og segir í 4. gr. Síðan skal taka meðaltal af árseinkunnum hans og meðaltal af þeim einkunnum, er prófdómendur hafa gefið hvor um sig. Prófseinkunnir í teikningu teljast þær einkunnir, er hinn skipaði prófdómari og einn af kennurum skólans gefa fyrir teikningar um veturinn. Hvert meðaltalið reiknast með 2 desimölum. Af þessum þremur meðaltölum skal svo aftur reiknað meðaltal með 2 desimölum og er það fullnaðareinkunn nemandans. Við fullnaðareinkunnina skal svo rita samsvarandi aðaleinkunn, samkv. 4. gr.

Í löggilta einkunnabók og á prófskírteini skal rita allar árseinkunnir og prófseinkunnir, hin þrjú meðaltöl þessara einkunna, fullnaðareinkunn og aðaleinkunn.

Fullnaðareinkunn utanskólanemanda er meðaltalið af meðaltölum einkunna þeirra, er prófdómendur gefa fyrir frammistöðu hans.

12

5. apríl

8. gr.

Til þess að standast gagnfræðapróf má fullnaðareinkunn ekki vera lægri en 3,75 stig.

9. gr.

Reglur þær, sem settar eru með reglugjörðarbreytingu þessari, koma til framkvæmda á skólaárinu 1922—23.

9. gr. áður nefndrar prófreglugjörðar verði 10. gr. og 10. gr. verði 11. gr., en þar á eftir komi ný grein, er svo hljóðar:

12. gr.

Reglur þær, sem settar eru í „Auglýsing um bráðabirgðareglugjörð fyrir hinn almenna Mentaskóla í Reykjavík“, frá 9. sept. 1904 í III. kafla (8., 10. og 13. gr.), og í „Prófreglugjörð fyrir gagnfræðadeild hins almenna Mentaskóla í Reykjavík“, frá 18. apríl 1907, 10. gr., og í breytingu á þeirri reglugjörð frá 14. febrúar 1908, en koma í bága við reglur þær, sem settar eru með þessari reglugjörðarbreytingu, skulu úr gildi falla.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. apríl 1923.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnsen.